

22. september 2016

Til Bæjarráðs Garðabæjar / Skipulagsnefndar Garðabæjar

Með viljayfirlýsingu bæjarstjóra Kópavogs og Garðabæjar sem undirrituð var 19.mái 2006 var stefnt að því að bæjarfélögin myndu vinna að því að skipulagga hesthúsabyggð og athanasvæði fyrir hestamenn á Kjóavöllum á grundvelli hugmynda sem kynntar höfðu verið félögum í Andvara og Gusti. Þær hugmyndir gengu út á það að skapa eina glæsilegustu umgjörðina utan um hestaþróttina á Íslandi sem m.a. fól í sér að þar yrði byggð upp úrvalsaðstaða fyrir stórmót eins og Landsmót hestamanna. Í kjölfar yfirlýsinganna var svæðið deiliskipulagt sem glæsilegasta hestamannasvæði landsins og fylgdu stórfelldar framkvæmdir. Garðabær og Kópavogur sýndu þar með í verki að þeir hafa mikinn metnað fyrir hönd hestamennskunnar og að sveitarfélögin vilji eiga stóran þátt í ævintýrinu um íslenska hestinn og þeirri menningu sem honum fylgir.

Þó er eitt atriði sem hið frábæra deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir en þar er sá þáttur er snýr að framkvæmd stórmóta eins og Landsmóts hestamanna sem nú er áætlað að verði haldið í fyrsta sinn sumarið 2022. Það er ekki nokkur vafi í hugum Sprettara að þá verði mönnum endanlega ljóst að þetta er langbesta umgjörðin hérlendis fyrir Landsmót.

Þetta atriði er að ekki fyrirfinnst innan deiliskipulagssvæðisins möguleiki á tjaldbúðum sem eru ómissandi þáttur landsmótshalds. Vissulega er þörfin fyrir tjaldbúðir ekki eins mikil þegar mótin eru haldin hér á höfuðborgarsvæðinu vegna mikils framboðs á gistirými og þá sérstaklega þann mikla fjölda erlendra gesta sem sækja mótið hverju sinni. En við hestamenn leggjum mikla áherslu á að hestamennskan sé aðgengileg öllum þeim sem henni unna hvaða tekjuhópi sem þeir kunna að tilheyra eða hvar þeir búa á landinu. Þess vegna eru tjaldbúðir nauðsynlegar fyrir þá sem sækja mótið langt að hér innanlands og jafnvel fyrir þá erlendu gesti sem hingað koma á húsbílum eða með tjöld. Að auki er sú tjaldbúðastemning sem landsmótum fylgir mikilvægur þáttur í heildarmyndinni.

Því er það ósk Hestamannafélagsins Sprettis að Garðabær taki til skoðunar að leysa úr þörf fyrir tjaldsvæði sem þyrfti, miðað við reynslu Landsmóta hér á höfuðborgarsvæðinu, að vera um 6 ha að stærð og liggja að mótssvæðinu.

Því er ekki að leyna að Sprettur horfir til opna svæðisins í Smalaholti/Rjúpnadal/Rjúpnahæð sem ennþá er skilgreint sem óbyggt svæði í aðalskipulagi. Einnig kæmi til greina svæðið vestan Andvarahverfis milli Elliðavatnsveggar og svæðis Skógræktarfélags Garðabæjar. Hestamannafélagið getur einnig vel séð fyrir sér að svæðið í Smalaholti verði skipulagt sem almennt útivistarsvæði íbúum Garðabæjar sem og höfuðborgarsvæðisins til ánægju og yndisauka. Þar væri hægt að nýta sér ómetanlegt starf Skógræktarfélags Garðabæjar á undangengnum áratugum við að klæða Smalaholt þeim glæsilega skógi sem er þar að finna. Við sjáum jafnvel fyrir okkur að tjaldsvæði gæti verið í opnum rjóðrum innan um skóginn og að það gæti líka nýst öðrum sem tjaldsvæði eða sem leiksvæði árið um kring.

Meðfylgjandi er teikning sem sýnir á draumkenndan hátt hvernig við gætum séð fyrir okkur útivistarsvæði í Smalaholti, Rjúpnadal og á Rjúpnahæð. Þessi hugmynd er þó enganvegin útfærð að öðru leyti af okkar hálfu.

Við óskum því eftir því að skoðað verði við gerð aðalskipulags að svæðið handan Elliðavatnsveggar verði skilgreint sem opið svæði og stefnt verði að því að deiliskipuleggja það, eða hluta þess sem útivistarsvæði þar sem ráð verði gert fyrir svæði fyrir tjaldbúðir sem sé u.þ.b. 6 ha að stærð.

Virðingarfyllt

f.h. Hestamanna félagsins Sprettis

Magnús Benediktsson
Framkvæmdastjóri

Magnús Benediktsson



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

